

## AUGLÝSING

### um breytingu á auglýsingu um setningu reglna um þjóðernis- og skrásetningarmerki íslenskra loftfara, nr. 176/1983.

#### 1. gr.

Grein 2.1. skal hljóða svo: Þjóðernis- og skrásetningarmerki skulu sett saman úr röð bókstafa eða tölustafa.

Grein 2.4. skal hljóða svo: Skrásetningarmerkið skal vera röð þriggja bókstafa eða tölustafa, sem skrásetjari loftfara hefur úthlutað loftfarinu. Óheimilt er að blanda saman tölustöfum og bókstöfum í skrásetningarmerki annarra loftfara en loftfara án útgefins tegundarskrteinis.

Í grein 4 eftir fyrirsögn skal málsliðurinn vera: Bókstafir eða tölustafir í hverri einstakri merkjaröð skulu vera jafnir að stærð.

Eftirfarandi málsliður bætist við grein 5.1.: Tölustafir skulu vera arabískir tölustafir án útflúrs.

Grein 5.2. skal hljóða svo: Breidd sérhvers stafs, nema bókstafsins I og tölustafsins 1, svo og lengd bandstriksins, skal vera tveir þriðju hlutar hæðar stafsins.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 145. gr., sbr. 9. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, ásamt síðari breytingum og tekur gildi við birtingu.

*Samgönguráðuneytinu, 10. júlí 2001.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*